



**138. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 20. október, 2005, kl. 12:00.**

**Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

Dagskrá:

- 1. Erindi frá skólastjórnendum Leiksskólans Barnabæjar.**
- 2. Starfsmannamál.**
- 3. Erindi frá Umf. Hvöt.**
- 4. Fundarboð frá fráveitunefnd umhverfisráðuneytisins.**
- 5. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2005 og fjárhagsáætlun 2006.**
- 6. Önnur mál.**

Afgreiðslur:

- 1. Erindi frá skólastjórnendum Leiksskólans Barnabæjar.**

Leiksskólastjóri, Jóhanna G. Jónasdóttir og aðstoðarleiksskólastjóri, Anna M. Arnardóttir fylgdu erindi sínu úr hlaði þar sem viðruð er sú hugmynd að leikskólinn bæti við einni deild og taki á móti börnum frá 6 mánaða aldri. Þar sem núverandi húsnæði leiksskólans annar ekki fleiri börnum gera þær að tillögu sinni að efri hæð húsnæðisins að Húnabraut 6, þar sem áður var bæjarskrifstofa, yrði nýtt til bráðabirgða.

Bæjarráð tekur jákvætt í þessar hugmyndir. Ákveðið að hugmynd þessi verði unnin nánar og að kostnaðaráætlun liggja fyrir fyrir næsta fund bæjarráðs.

- 2. Starfsmannamál.**

Frestað á síðasta fundi bæjarráðs. Fjórar umsóknir bárust um stöðu umsjónarmanns tæknideildar., umsækjendur eru: Kristján Birgisson, Sigurbjörn Trausti Vilhjálmsson, Ragnar Ingi Tómasson og Páll Ingbór Kristinsson.

Bæjarráð samþykkir að ráða Ragnar Inga Tómasson tímabundið til 1. júní 2006.

- 3. Erindi frá Umf. Hvöt.**

Sótt er um styrk frá sveitarfélaginu líkt og undanfarin ár. Jafnframt er þess farið á leit að framkvæmdum við íþróttavöll bæjarins verði haldið áfram.

Erindinu er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2006.

- 4. Fundarboð frá fráveitunefnd umhverfisráðuneytisins.**

Ráðstefna verður haldin 24. október 2005 í Hafnarfirði í tilefni 10 ára afmælis laga nr. 53/1995 um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

- 5. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2005 og fjárhagsáætlun 2006.**

Bæjarstjóri lagði fram lista yfir atriði til endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2005.

Rætt um atriði er varða fjárhagsáætlun 2006. Ákveðið að hefja nánari undirbúning á næsta bæjarráðsfundi.



6. Önnur mál.

a. Innlausn ræktunarlanda. Byggingafulltrúi sækir um innlausn eftirtalinnna ræktunarlanda vegna breyttrar landnotkunar á svæðinu: land nr., nr. 40, nr. 43, nr. 48, nr. 49 og nr. 50. Jafnframt verði sagt upp samningum fyrir ræktuðu löndin nr. 43 og nr. 45.

Bæjarráð samþykkir innlausn ofangreindra ræktunarlanda sem og uppsögn samninga sbr. ofangreint.

b. Húsnæði þjónustumiðstöðvar. Bæjarstjóri kynnti að Ámundakinn ehf. fyrirhugaði að hefja framkvæmdir við nýbyggingu iðnaðarhúsnæðis að Efstubraut 2, Blönduósi. Um er að ræða 1.320 m² verksmiðju- og verkstæðishús sem byggt verður á hluta af grunni húss sem brann sl. haust. Ámundakinn ehf. fyrirhugar að leigja út húsnæðið til fyrirtækja/stofnana. Möguleiki er á að starfsemi þjónustumiðstöðvar fái þar aðstöðu og er bæjarstjóra í samvinnu við tæknideild falið að kanna hvort það húsnæði sem skilgreint er á teikningu henti starfseminni.

Fundargerð upplésin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 13:00.

*Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Þórdís Hjálmarsdóttir (sign.)*